# Yfirlit

yfir fjárhag sýslusjóða í norður- og austuramtinu 1887.

1. Húnavatnssýsla.

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . . . . . . . . | 227,37 | |
| Niðurjöfnun, 7 aur. á hvert hundrað . . . | 809,45 | |
| Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . . | 780,00 | |
| Aðrar tekjur . . . . . . . . . . . . | 158,09 | 1974,91 |
| Gjöld. | | |
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . . . | 886,59 | |
| Varið til eflingar búnaði . . . . . . . . | 780,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 308,32 | 1974,91 |

2. Skagafjarðarsýsla:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . . . , . . . . | 566,29 | |
| Niðurjöfnun, 8 aur. á hvert hundrað . . . | 901,67 | |
| Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . | 740,00 | |
| Aðrar tekjur . . . . . . . . . . . . | 421,00 | 2628,96 |
| Gjöld. | | |
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . . . | 1384,91 | |
| Varið til eflingar búnaði . . . . . . . | 740,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 504,05 | 2628,96 |

3. Eyjafjarðarsýsla:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . . . . . . . | 1630,06[1] | |
| Niðurjöfnun, 10 aur. á hvert hundrað . . | 1143,05 | |
| Aðrar tekjur . . . . . . . . . . . | 20,00 | 2793,11 |
| Gjöld. | | |
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . . . | 965,16 | |
| Varið til eflingar búnaði . . . . . . . | 823,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 1004,95 | 2793,11 |

4. Suður-Þingeyjarsýsla:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . , . . . . . . . | 328,25 | |
| Flyt | 328,25 | |

1) Sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 28. og 29. júní 1888, nr. 17. 3.

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Flutt | 228,25 | |
| Niðurjöfnun, 11 aur. á hvert hundrað . . . | 876,16 | |
| Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . | 560,00 | |
| Aðrar tekjur . . . . . . . . . . . . | 400,00 | 2164,41 |
| Gjöld. | | |
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . . . | 1163,20 | |
| Varið til eflingar búnaði . . . . . . . | 680,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 321,21 | 2164,41 |

5. Norður-Þingeyjarsýsla:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . . . . . . . , . . | 5,52 | |
| Niðurjöfnun, 11 aur. á hvert hundrað . . . | 331,68 | |
| Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . . | 220,00 | 557,20 |
| Gjöld. | | |
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . , . | 429,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 128,20 | 557,20 |

6. Norður-Múlasýsla:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . . . . . . . . | 72,74 | |
| Niðurjölfnun, 15 aur. á hvert huudrað . . | 1242,75 | |
| Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði[1] . . | 290,00 | |
| Aðrar tekjur . . . . . . . . . . . : . | 200,09 | 1805,49 |
| Gjöld. | | |
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . . . . | 955,30 | |
| Varið til eflingar búnaði . , . . . . . | 290,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 560,19 | 1805,49 |

7. Suður-Múlasýsla:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur. | | |
| Eign frá fyrra ári . . . . . . . . . . | 441,96 | |
| Niðurjöfnun, 23 aur. á hvert hundrað . . | 1821,89 | |
| Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . | 530,00 | |
| Aðrar tekjur . . . . . . . . . . . . | 200,00 | 2993,85 |

1) Hinn helmingur styrktarfjár þessa gekk til skólans á Eyðum.

109

Gjöld.

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaður sjóðsins . . . . . . . . . . | 1779,00 | |
| Varið til eflingar búnaði . . . . . . . . | 450,00 | |
| Eign til næsta árs . . . . . . . . . . | 764,95 | 2993,85 |

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 4. október 1888.

*J. Havsteen.*

110
19. nóv.

**Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um greiðslu hafnargjalds og afgreiðslugjalds fyrir skip.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá því, að afgreiðslumaður kaupskipsins »Síldin«, 98,86 tons, sem fyrir nokkrum dögum kom hingað frá Brákarpolli og hafði meðferðis þaðan og lagði hjer á land töluvert af íslenzkum vörum, tólg, gærur og kjöttunnur, hafi neitað, nema hann væri til þess skyldaður með landshöfðingjaúrskurði eða dómi, að greiða af nefndu skipi, eptir kröfu yðar, hálft afgreiðslugjald, kr. 8,25, og hafnargjald, að því leyti það er bundið við fermingu eða affermingu skips, kr. 9,90. Heldur ofannefndur verzlunarstjóri því fram, að þarsem umgetnar vörur hafi verið hafðar á þilfari skipsins hingað frá Brákarpolli, án þess þeirra væri getið á hleðsluskjölum skipsins og þarsem lestarúm skipsins alls eigi hafi verið opnuð meðan skipið lá hjer á höfninni, þá verði eigi talið að hjer hafi nein afferming átt sjer stað, er skyldað geti skipið til að greiða afgreiðslugjald eða þann hluta hafnargjalds, er að ofan er nefndur. En þjer hafið, herra bæjarfógeti, beiðzt úrskurðar míns um málefni þetta.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að ofanáminnst skip aðeins virðist hafa affermt hjer nokkuð af innlendri vöru, sem á því var flutt hingað frá annari íslenzkri höfn, þá álít jeg eigi að heimtað verði af því neitt afgreiðslugjald, en um hafnargjald það, er krafizt hefur verið, kr. 9,90, er öðru máli að gegna, þarsem enginn greinarmunur er á því gjörður í hafnarreglugjörð Reykjavíkur, hvort varan, sem fermd eða affermd er, er innlend eða útlend, hvort hún er ætluð, eða hvaðan hún kemur, og getur því ofannefnt skip eigi komizt hjá því, að áliti mínu, að greiða það gjald.

---

**Stjórnartíðindin** (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgangurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til, kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874, er kostar 95 aura, og árgangurinn 1886 og 1887, er kostar hver 1 kr. 25 a.

Stjórnartíðindin eru send öllum kauplaust með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim, er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur, eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddvitum og póstafgreiðslumönnum er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á, af nýju, á eiginn kostnað.